

Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 Tímabundin aðstaða fyrir fisflug í Hólmsheiði

Umhverfisskýrsla

Maí 2009



1. Inngangur	3
2. Tilgangur umhverfismats.....	4
3. Tengsl við aðrar áætlanir.....	5
4. Valkostir um staðsetningu.....	6
5. Staðhættir og umhverfisaðstæður í Hólmsheiði.....	7
5.1 Landslag.....	7
5.2 Veðurfar.....	7
5.3 Gróðurfar.....	7
5.4 Fornleifar	7
5.5 Útivist	7
6. Umhverfismat – áherslur og niðurstöður.....	8
6.1. Valkostur - núllkostur	8
6.2. Þættir sem eru metnir	8
6.3. Umhverfisþættir og umhverfisviðmið.....	8
6.4. Gögn og aðferðir	8
6.5. Mat á umhverfisáhrifum	9
6.6. Niðurstöður mats - samantekt.....	10
7. Kynning og samráð	11
8. Heimildir	12
9. Viðauki – gögn og aðferðir	13

1. Inngangur

Þegar ljóst var að loka þyrfti núverandi aðstöðu til fisflugs í Úlfarsárdal, vegna uppbyggingar íbúðarhverfa, var hafist handa við að leita að nýjum stað fyrir umrædda frístundaiðju. Markmiðið var að finna stað innan Reykjavíkur eða höfuðborgarsvæðisins sem hentaði vel til þessari iðju og uppfylltu óskir Fisflugfélagsins. Hólmsheiðin var meðal þeirra staða sem komu til álita við staðarval fyrir fisflugið. Aðrir staðir sem komu til greina voru Kjalarnesið, Álfsnes, Sandskeið og austurhluti Úlfarsárdals við Skyggni. Niðurstaða forathugunar var sú að Hólmsheiðin væri eini álitlegi kosturinn innan marka Reykjavíkur (sjá kafla 4).

Lendingarstaður fyrir fisflug fellur undir reglugerð nr. 464/2007 um flugvelli. Fisflug og aðstaða þess telst að öðru leyti ekki falla undir lög og reglugerðir um samgöngur, enda um frístundaiðju að ræða. Aðstöðu fyrir fisflug er því eðlilegast að skilgreina sem opið svæði til sérstakra nota í aðalskipulagi, líkt og dæmi er um fyrir “frístunda” flugvelli, enda um starfsemi að ræða sem kallar á takmarkaða mannvirkjagerð. Tyrfdur lendingarstaður fyrir fisflug er því talin í samræmi við megin stefnumörkun aðal- og svæðisskipulags um Hólmsheiðina sem skógræktar- og útivistarsvæði þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttri aðstöðu til frístundaiðju. Vegna þess að hér er um að ræða frístundaiðju sem mögulega getur haft áhrif á aðra frístundaiðju á Hólmsheiði er talið rétt að afmarka svæðið sérstaklega á skýringarmynd í greinargerð aðalskipulagsins og gera grein fyrir hugsanlegum umhverfisáhrifum fisflugsins. Tillaga um aðstöðu fyrir fisflug kallar hinsvegar ekki sem slík á breytinga á landnotkunaruppdrætti aðalskipulagsins (þéttbýlisuppdrætti 1:30.000).

Í samræmi við ofangreint hefur verið unnin tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur. Þar sem fisflugvöllur fellur undir framkvæmdir sbr. liður 10b í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr.106/2000 m.s.br, fylgir aðalskipulagstillögunni umhverfisskýrsla þessi, sbr. lög nr. 105/2006.

2. Tilgangur umhverfismats

Að tryggja að tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða við breytingu á aðalskipulaginu, í því skyni að stuðla að verndun umhverfis og draga úr hugsanlegum neikvæðum umhverfisáhrifum fisflugs og mannvirkjagerðar vegna þess í Hólmsheiði

Þar sem niðurstöður staðarvals fyrir fisflug (sjá 4. Kafla) er sú að Hólmsheiðin er talin eini raunhæfi valkosturinn, gengur umhverfismatið fyrst og fremst út á það að meta staðbundin áhrif fisflugs í Hólmsheiði. Niðurstöður umhverfismatins munu því fyrst og fremst hafa áhrif á útfærslu í deiliskipulagi og hugsanleg skilyrði í útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfa, en hafa ekki áhrif á staðarval fisflugvallar. Ef niðurstöður umhverfismatsins eru taldar óásættanlegar við afgreiðslu málsins mun það væntanlega leiða til þess að fisfluginu verði ekki fundinn staður innan Reykjavíkur.

3. Tengsl við aðrar áætlanir

Í aðalskipulagi Reykjavíkur er Hólmsheiðin öll skilgreind sem opið svæði til sérstakra nota. Hólmsheiðin er jafnframt innan græna trefilsins, sem skilgreindur er í aðal- og svæðisskipulagi. Gert er ráð fyrir að svæðið þróist til framtíðar sem almennt útivistar- og skógræktarsvæði. Í skilgreiningu svæðisskipulagsins á græna treflinum er gert ráð fyrir að ýmis konar frístundiðja geti þrífist innan trefilsins, enda séu slík svæði skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota í aðalskipulagi. Í samræmi við þetta er Hólmsheiðin skilgreind í heild sinni sem opið svæði til sérstakra nota í aðalskipulaginu, enda er um allmikla mannvirkjagerð að ræða á svæðinu, s.s. vegna ræktunar, stígagerðar og útivistariðju.

Tyrfður lendingarstaður fyrir tímabundna aðstöðu fisflug er talin vera í samræmi við megin stefnumörkun aðalskipulags um Hólmsheiðina sem skógræktar- og útivistarsvæði þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttri aðstöðu til frístundiðju. Breytingin er sömuleiðis talin samræmast stefnumörkun svæðisskipulags um Hólmsheiðina og græna trefilinn, sbr. umfjöllun hér að ofan, ekki síst í ljósi þess að um tímabundna starfsemi er að ræða sem ekki kallar á breytingu á landnotkun aðalskipulagsins.

Aðalskipulagstillagan er einnig talin í samræmi við aðrar þær áætlanir sem hafðar eru til hliðsjónar í umhverfismatinu, þ.e. *Reykjavík í mótun, Velferð til framtíðar. Stefnumörkun ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun til 2020 og Náttúruverndaráætlun 2004-2008*

4. Valkostir um staðsetningu

Þegar ljóst var að loka þyrfti núverandi aðstöðu til fisflugs í Úlfarsárdal, vegna uppbyggingar íbúðarhverfa, var hafist handa við að leita að nýjum stað fyrir umrædda frístundiðju. Markmiðið var að finna stað innan Reykjavíkur eða höfuðborgarsvæðisins sem hentaði vel til þessari iðju og uppfylltu óskir Fisflugfélagsins.

Eftirfarandi svæði eða staðir komu til skoðunar:

1. Kjalarnes
2. Álfsnes
3. Sandskeið
4. Úlfarsárdalur við Skyggni
5. Hólmsheiði

Svæði á Kjalarnesi og Álfsnesi voru útilokuð vegna veðurfars og nálægðar við Esjuna þar sem talsvert er um sviftivinda. Sandskeið þótti ekki henta vegna hugsanlegra árekstra við aðra flugstarfsemi á því svæði, fjarlægðar frá höfuðborgarsvæðinu og veðurfar þar er ekki heppilegt fyrir fisflugvélar. Svæði innst í Úlfarsárdal við Skyggni var útilokað vegna nálægðar við háspennulínur. Niðurstaðan var að Hólmsheiði hentaði best undir fisflug af umræddum stöðum og samræmdist best óskum Fisflugfélagsins. Aðrir staðir sem komu til álita voru annaðhvort of nálægt íbúðarbyggð eða í ósamræmi við vatnsverndarsjónarmið.

5. Staðhættir og umhverfisaðstæður í Hólmsheiði

5.1 Landslag

Einkennandi landslag á Hólmsheiði er ávalar hæðir og dalir sem ísaldarjökullinn hefur mótað. Á svæðinu skiptast á klapparholt á hæstu hæðunum og mosa- og lyngivaxnar lægðir, en inn á milli eru örfoka melkollar. Umrætt svæði fyrir fisfélagið er á slíkum melkolti.

5.2 Veðurfar

Austan- og suðaustanáttir eru ríkjandi vindáttir á svæðinu en að sögn staðkunnugra eru verstu skafrenningsáttirnar norðaustlægar. Mælingar sýna að úrkoma er meiri þarna en t.d við Veðurstofuna á Bústaðahálsi og þar sem meðalhiti er einnig lægri eru snjóalög meiri. Á tímabilinu 1961-80 mældist 4-9 cm meiri snjóþykkt við Hólm en við Veðurstofuna.

5.3 Gróðurfar

Töluverð ræktun hefur átt sér stað í grennd við svæðið en svæðið sjálft er í um 130 m hæð. Talsvert er einnig af lúpínu á svæðinu. Á Hólmsheiði vex upp skógur sem með hverju ári verður meira áberandi í landslaginu. Í nágrenni svæðisins er álitlegur trjágróður. Ber mest á stafafuru, birki og víðitegundum en einnig er að finna blágreni, lerki o.fl. tegundir. Enginn hágróður er á svæði fisfélagsins

5.4 Fornleifar

Samkvæmt Fornleifaskrá Reykjavíkur 1995 (Skýrslur Árbæjarsafns XLVI), eru ekki skráðar fornleifar á deiliskipulagssvæðinu.

5.5 Útivist

Engin skipulögð frístundaiðja er í næsta nágrenni svæðisins. Leiðir hestamanna liggja nærri svæðinu en tillagan gerir hinsvegar ráð fyrir breytingum á stígakerfi svæðisins, sem miðar að því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra milli fisflugs og hestamennsku. Hólmsheiðin er víðáttumikið útivistar- og skógræktarsvæði og því svigrúm fyrir margvíslega frístundaiðju og útivist á svæðinu.

6. Umhverfismat – áherslur og niðurstöður

6.1. Valkostur - núllkostur

Í umhverfimatinu eru eingöngu skoðuð umhverfisáhrif af staðsetningu fisflugs í Hólmsheiði. Því er ekki um að ræða eiginlega staðarvalkosti til samanburðar innan Reykjavíkur. Núllkostur er óbreytt stefna á umræddu svæði sbr. AR2001-2024, um þróun útivistar- og skógræktarsvæðis í Hólmsheiðinni. Þar sem um er að ræða tímabundna aðstöðu fisflugs og ekki óafturkræfar framkvæmdir, þá eru áhrif uppbyggingar einkum til skemmri tíma og geta falist í því að svæðið þróast síðar en ella sem almennt útivistar- og skógræktarsvæði en samkvæmt núllkosti. Munur á valkosti til skoðunar og núllkosti, varðandi áhrif á svæðið til lengri tíma litið, er þannig óverulegur.

6.2. Þættir sem eru metnir

Í umhverfismati aðalskipulagsbreytingar eru fyrst og fremst horft til eftirfarandi þátta:

1. Áhrif mannvirkjagerðar (gerð lendingarstaðar og önnur aðstaða) á gróður og fuglalíf
2. Áhrif frístundaiðju (fisflugs) á fuglalíf, útivist og mannvirki á nálægum svæðum
3. Áhrif mannvirkjagerðar á landnotkun og framtíðarnýtingu svæðisins sem útivistar- og skógræktarsvæðis.

6.3. Umhverfisþættir og umhverfisviðmið

Í töflu 1b (sjá viðauka) eru settir fram helstu umhverfisþættir sem skoðaðir eru í matinu, með hvaða hætti þeir eru skoðaðir og út frá hvaða viðmiðum, sbr. markmið í opinberum stefnuskjölum (sjá næstu síðu).

6.4. Gögn og aðferðir

Umhverfismatið var unnið af starfsmönnum skipulags- og byggingarsviðs. Leitað hefur verið aðstoðar sérfræðinga varðandi áhrif einstakra þátta. Sjá að öðru leyti um gögn og aðferðir í viðauka.

6.5. Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisþáttur	Til athugunar	Matsspurning	Viðmið/markmið	Niðurstöður mats
<i>Gróður</i>	Áhrif gerðar lendingarstaðar og aðstöðumannvirkja á staðbundin gróður, þ.m.t. skógrækt.	Hefur mannvirkjagerð áhrif á fjölbreytni gróðurs á svæðinu?	<i>Reykjavík í mótun (...friðun verðmætra náttúrusvæða...)</i> AR2001-2024 <i>(...náttúrulegur fjölbreytileiki...)</i> <i>Náttúruverndarlög</i>	0 Fremur fábreyttur gróður (engin hágróður) er á sjálfu skipulagssvæðinu en gróskumeiri í næsta nágrenni. Tímabundin aðstaða fisflugs og gerð lendingarstaðar með sléttun og tyrfingu hefur óveruleg áhrif á gróðurfar og verðmæt náttúrusvæði
<i>Fuglar</i>	Áhrif mannvirkja og frístundaiðju á búsvæði fugla	Hefur mannvirkjagerð og starfsemi áhrif á fjölbreytni fuglalífs á svæðinu?	<i>Reykjavík í mótun (...friðun verðmætra náttúrusvæða...)</i> AR2001-2024 <i>(...náttúrulegur fjölbreytileiki...)</i> <i>Velferð til framtíðar</i> (bls. 26 og 37)	0 Fuglalíf á svæðinu er fremur einhæft og engar sjaldgæfar tegundir hafa fundist. Þéttleiki sumra mófuglategunda er þó allmikill. Áhrif af starfsemi fisfélagsins verða einkum yfir varptímann, en eru ekki talin verða veruleg.
<i>Landslag og sjónrænir hættir</i>	Áhrif mannvirkja á landslag og ásynd á svæðinu	Hefur mannvirkjagerð neikvæð áhrif á ásynd svæðisins?	<i>Reykjavík í mótun</i> AR2001-2024	0 Áhrif mannvirkja á ásynd svæðisins geta einkum falist í skýlum fyrir fisflugvélar, sem heimilt verður að reisa til bráðabirgða. Til að draga úr hugsanlegum áhrifum skulu skýlin vera í jarðlitum.
<i>Grunnvatn – vatnsvernd</i>	Áhrif mannvirkja og frístundaiðju á grunnvatn	Kallar frístundaiðja / starfsemi á geymslu eldsneytis?	<i>Ákvæði um vatnsvernd</i>	0 Svæðið er utan vatnsverndar. Ekki er gert ráð fyrir aðstöðu til geymslu eldsneytis.
<i>Útivist Hljóðvist og ónæði</i>	Hávaðamyndun og annað ónæði frá fisflugvélum, tíðni flugferða	Hefur hávaði eða annað ónæði vegna fisflugs truflandi áhrif á aðra útivistariðju á svæðinu?	<i>Reglugerð nr. 933/1999 um hávaða</i> <i>Markmið AR2001-2024 um Hólmsheiðina</i>	0/- Umferð fisflugvéla getur valdið ónæði á nálægum svæðum. Áhrifin eru ekki talin verða veruleg. Tillaga að breyttri legu reiðstígs dregur úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum á hestaumferð
<i>Veitukerfi og önnur nálæg mannvirki</i>	Áhrif mannvirkja og fisflugs á loftlínur og önnur mannvirki á svæðinu	Kallar fisflugsið á breytingar á mannvirkjum á svæðinu?	<i>Lög og reglugerðir.</i>	0 Aðstaða fisflugs á svæðinu leiðir til breytinga á skipulagi stígakerrfisins, en hefur ekki önnur áhrif
<i>Flugumferð</i>	Áhrif fisflugs á flugsamgöngur frá Reykjavíkflugvelli	Samræmist fisflug á svæðinu stjórnun flugumferðar?	<i>Lög og reglugerðir.</i> <i>Viðmið Flugmálastjórnar</i> <i>(sbr. bréf í Viðauka)</i>	0 Fisflug heyrir undir Flugmálastjórn og hefur verið haft samráð við flugmálayfirvöld við undirbúning málsins. Ekki er talin hætta stafa af starfi Fisfélagsins gagnvart öðru flugi. Settar verða upplýsingar um starfsvæði Fisfélagsins í Handbók flugmanna (sjá nánar Viðauka)
<i>Landnotkun og framtíðarskipulag</i>	Hafa lendingarstaður og önnur mannvirki óafturkræf áhrif á framtíðarnýtingu á svæðinu	Hefur breytingin varanlega og kostnaðarsama framkvæmd í för með sér?	AR2001-2024 <i>Svæðisskiplag 2001-2024</i> <i>Hugmyndir í yfirstandandi endurskoðun aðalskipulag</i>	0 Um er að ræða tímabundna starfsemi og afturkræfa og lítt kostnaðarsama mannvirkjagerð. Áhrif á framtíðarnotkun svæðisins eru því talin óveruleg

Tafla 1a. Mat á umhverfisáhrifum

6.6. Niðurstöður mats - samantekt

Áhrif breytingarinnar eru í megin atriðum talin óveruleg. Það er einkum áhrif á aðra útivistariðju, sem gætu orðið neikvæð. Þau áhrif er hinsvegar ekki talin verða verulega. Breytt lega reiðstíga á svæðinu, sbr. aðalskipulagstillagan, gerir það að verkum að áhrif fisflugs á hestaumferð verða takmörkuð. Skipulagið og framkvæmdin kallar að öðru leyti ekki sérstakar mótvægisáðgerðir.

7. Kynning og samráð

Aðalskipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu er kynnt fyrir íbúum og hagsmunaaðilum sbr. skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Samráð var haft við Skipulagsstofnun um áherslur og umfang umhverfismatsins í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Umrædd áform eru kynnt eða hafa verið kynnt eftirfarandi aðilum:

1. *Flugmálastjórn Íslands / Flugstoðir*. Samráð var haft við umræddar á stofnanir við undirbúning málsins.
2. *Fornleifavernd ríkisins*
3. *Framkvæmdastjórn vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu*
4. *Reiðveganefnd Kjalarnesþings hins forna*. Áformin hafa verið kynnt félaginu á fyrri stigum
5. *Mosfellsbær*
6. *Orkuveita Reykjavíkur*. Áformin hafa verið kynnt fyrirtækinu á fyrri stigum
7. *Skógræktarfélag Reykjavíkur*
8. *Skógrækt ríkisins*
9. *Umhverfisstofnun*

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfisskýrslu er aðgengileg á heimasíðu skipulags- og byggingarsviðs, [www. skipbygg.is](http://www.skipbygg.is)

8. Heimildir

Íslenskar orkurannsóknir (2008): *Vatnsvernd í Hólmsheiði*

Náttúrufræðistofnun Íslands (1996): *Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur*, einkum bls. 22-29.

Náttúruverndaráætlun 2004-2008

Reykjavíkurborg (2002): *Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024*

Reykjavíkurborg (2006): *Reykjavík í mótun*

Velferð til framtíðar. Stefnumörkun ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun til 2020

Samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu (2002): *Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024*

Skapa & skerpa arkitektar (2008): *Tillaga að deiliskipulagi. Hólmsheiði. Svæði fyrir Fisfélag Reykjavíkur* (drög)

9. Viðauki – gögn og aðferðir

Umhverfispáttur	Til athugunar	Gögn	Matsspurning	Viðmið/markmið
<i>Gróður</i>	Áhrif gerðar lendingarstaðar og aðstöðumannvirkja á staðbundin gróður, þ.m.t. skógrækt.	Náttúrufræðistofnun (1996), einkum bls. 22-29, Einnig metið á vettvangi	Hefur mannvirkjagerð áhrif á fjölbreytni gróðurs á svæðinu?	<i>Reykjavík í mótun (...friðun verðmætra náttúrusvæða...)</i> AR2001-2024 <i>(...náttúrulegur fjölbreytileiki...)</i> Náttúruverndarlög
<i>Fuglar</i>	Áhrif mannvirkja og frístundaiðju á búsvæði fugla	Náttúrufræðistofnun (1996), einkum bls. 22-29	Hefur mannvirkjagerð og starfsemi áhrif á fjölbreytni fuglalífs á svæðinu?	<i>Reykjavík í mótun (...friðun verðmætra náttúrusvæða...)</i> AR2001-2024 <i>(...náttúrulegur fjölbreytileiki...)</i> Velferð til framtíðar (bls. 26 og 37)
<i>Landslag og sjónrænir hættir</i>	Áhrif mannvirkja á landslag og ásýnd á svæðinu	Metið á vettvangi	Hefur mannvirkjagerð neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins?	<i>Reykjavík í mótun</i> AR2001-2024
<i>Grunnvatn – vatnsvernd</i>	Áhrif mannvirkja og frístundaiðju á grunnvatn	Svæðisskipulag vatnsverndar, Náttúrufræðistofnun (1996) Íslenskar orkurannsóknir (2008)	Kallar frístundaiðja / starfsemi á geymslu eldsneytis?	<i>Ákvæði um vatnsvernd</i>
<i>Útivist Hljóðvist og ónæði</i>	Hávaðamyndun og annað ónæði frá fisflugvélum, tíðni flugferða	Reglur um flug yfir og í grennd við byggð og eða aðra frístundastarfsemi á svæðinu	Hefur hávaði eða annað ónæði vegna fisflugs truflandi áhrif á aðra útivistariðju á svæðinu?	<i>Reglugerð nr. 933/1999 um hávaða</i> Markmið AR2001-2024 um Hólmsheiðina
<i>Veitukerfi og önnur nálæg mannvirki</i>	Áhrif mannvirkja og fisflugs á loftlínur og önnur mannvirki á svæðinu	Lög um loftferðir nr. 60/1998 m.s.br. Reglugerð um loftferðir nr. 464/2007	Kallar fisflugið á breytingar á mannvirkjum á svæðinu?	<i>Lög og reglugerðir.</i>
<i>Flugumferð</i>	Áhrif fisflugs á flugsamgöngur frá Reykjavíkurflugvelli	Lög um loftferðir nr. 60/1998 m.s.br. Reglugerð um loftferðir nr. 464/2007 Bréf flugmálastjórnar dags. 23. okt. 2008	Samræmist fisflug á svæðinu stjórnun flugumferðar?	<i>Lög og reglugerðir.</i> Viðmið Flugmálastjórnar (sbr. bréf í Viðauka)
<i>Landnotkun og framtíðarskipulag</i>	Hafa lendingarstaður og önnur mannvirki óafturkræf áhrif á framtíðarnýtingu á svæðinu	AR2001-2024 Svæðisskipulag 2001-2024	Hefur breytingin varanlega og kostnaðarsama framkvæmd í för með sér?	AR2001-2024 Svæðisskiplag 2001-2024 Hugmyndir í yfirstandandi endurskoðun aðalskipulag

Tafla 1a. Umhverfispættir sem eru til skoðunar í umhverfismatinu

Aðferðir við mat á vægi áhrifa:

Grundvöllur fyrir mat á áhrifum eru matsspurningar, sjá töflu 1. Auk þess byggir matið á eftirfarandi forsendum:

1. Hversu líkleg áhrif af áætlun eru og hversu varanleg þau eru, þ.e. hvort líklegt sé að áhrifin séu til langs eða skamms tíma.
2. Er líklegt að einstakir þættir áætlunar geti valdið sammögnum áhrifum á umhverfisþætti. Um er að ræða að samanlögð áhrif einstakra þátta á umhverfið séu meiri eða önnur en þegar litið er til stakra áhrifa áætlunarinnar.
3. Hvort að áætlun kunni að auka á hættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið.
4. Hversu stórt eða umfangsmikið svæði kunni að verða fyrir áhrifum af áætlun og hversu margir kunni að verða fyrir áhrifum.
5. Gildi umhverfisþátta sem verða hugsanlega fyrir áhrifum. Gildi er metið m.t.t. stefnumótunar yfirvalda, laga og reglugerða, annarra áætlana og verndarsvæða.

Við mat á vægi áhrifa var stuðst við eftirfarandi einkunnir:

Tákn	Lýsing
++	Líkleg veruleg jákvæð áhrif
+	Líkleg jákvæð áhrif
0	Engin eða óveruleg áhrif
-	Neikvæð áhrif
--	Líkleg veruleg neikvæð áhrif
?	Óvissa eða óþekkt áhrif

Í matinu eru veruleg neikvæð áhrif skilgreind ef eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við: Áhrif eru varanleg, skapa hættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið, nái til stórs svæðis og/eða fjölda fólks, gengur gegn stefnumiðum stjórnvalda, lögum og reglum, alþjóðlegum samningum eða öðrum áætlunum sem í gildi eru.

Ef umhverfisáhrif eru talin verða verulega neikvæð er kannað hvort unnt sé að draga úr áhrifum með mótvægisáðgerðum eða að þörf sé á vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfisþátt. Hugað má nánar að því við hönnun mannvirkja og útgáfu starfsleyfa.

Í tilvikum þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir henni og hvort að hún sé háð útfærslu framkvæmdar á síðari stigum eða fyrirkomulagi rekstrar.



Skógarnlið 12
105 Reykjavík
Ísland/Iceland

simítel. +354 569 4100
fax. +354 562 3619
www.caa.is

Skipulagsstofnun
Fr. Hafðís Haflióadóttir
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Tilv. yðar

Dags

Tilv. vor
2007060020
Breflykill:
600

Dags.
23. október 2008

Efni: Fyrirhugað starfssvæði Fisfélagsins á Hólmsheiði


Vísað er til bréfs yðar dags. 4. júlí þar sem óskað var eftir leiðbeiningum Flugmálastjórnar hvort og þá hvers konar áhrif fyrirhuguð starfsemi Fisfélags Reykjavíkur gæti haft á flugumferð vegna nálægðar við áður úthlutað loftrými í nágrenninu. Erindi yðar var vísað til Flugupplýsinga- og hönnunardeild Flustöða ohf. og óskað eftir að hún kannaði hugsanleg áhrif og sendi niðurstöður þeirrar könnunar til Flugmálastjórnar Íslands.

Flugmálastjórn Íslands hefur nú borist svar við erindinu sem fylgir með í hjálögðu skjali. Vinsamlegast hafið samband ef einhverjar spurningar vakna.

Virðingarfyllt

Agústa R. Jónsdóttir,
deildarstjóri flugverndar- og flugvalladeild

Afrit: Björn Axelsson, skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar



Flugstöðir önf.
Reykjavíkflugstöð
101 Reykjavík

Sími 404 4000
Fax 404 4001
www.flugstodir.is

Ísavia
Reykjavík Airport
101 Reykjavík, Ísland

Tel +354 404 4000
Fax +354 404 4001
www.isavia.is



Flugmálastjórn Íslands
Agústa R. Jónsdóttir
verkefnastjóri/lögfr
Skógarhlið 12
105 REYKJAVÍK

Tími þegar

Dags.

Tími vor

Dags.

2008070012

8. október 2008

Bréfakili:

311

Efni: Starfssvæði Fisfélags Reykjavíkur á Hólmsheiði

Agústa,

Ég vil biðjast velvirðingar á töl á svári við erindi þínu varðandi ofangreint mál. Eins og bent er á þá er svæðið við endamið sjónflugsleiðar númer 3 til og frá Reykjavíkflugvelli. Loftrýmið umhverfis starfssvæðið neðan við 2000 fet yfir sjávarmáli er flokkur G eða óstjórnað loftrými. Flugumferðarsvið telur ekki hættu stafa af starfi Fisfélagsins gagnvart öðru flugi, en við hyggjumst setja upplýsingar í Handbók flugmanna varðandi starfssvæðið. Fisum er ekki heimilt að fljúga í stjórnuðu loftrými og þar sem GPS aðflug inná braut 31 er allt innan stjórnaðs loftrýmis teljum við að fisflug hafi ekki áhrif á það.

Skoðað hefur verið að flytja sjónflugsleið 3 þannig að hún sé frá Smábátahöfn í Elliðavogi og á miðju Hafravatns. Sá tilflutningur færir endamið leiðarinnar frá starfssvæðinu. Einnig hefur verið skoðað að framlengja sjónflugsleið 4 að Lækjabotnum einnig til að umferð sem sé að fara í æfingasvæði lítilla loftfara á Mosfellsheiði séu hjær starfssvæðinu. Þessar tilfærslur eru ekki taldar nauðsynlegar en myndu líklega auka öryggi flugs til og frá Reykjavíkflugvelli. Ekki er talin þörf á að setja upp sérstakt svæði fyrir fisflugið umhverfis starfssvæði þeirra.

Það má einnig benda á að bæði fisflug og svifflug eru ekki flugáætlanaskyld og er því flugumferðarþjónustunni ekki kunnugt um flug einstakra loftfara í þessum flokkum.

Flugumferðarsvið telur ekki þörf á að setja frekari takmarkanir á flug fisa frá starfssvæði Fisfélags Reykjavíkur á Hólmsheiði umfram það sem kemur fram í flugreglum.


Með kveðju

Sigurleifur Kristjánsson
Sigurleifur Kristjánsson

deildarstjóri Verklagsdeildar flugumferðarsviðs

FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS	
Ísm.:	ARC EOH GAT
Dags:	HDS. PEN ES 9. OKT 2008
Bréfi.:	440
Málm.:	2008060020

Skipulagsstofnun
Fr. Hafðís Hafliðadóttir
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK



Tilv. yðar

Dags.

Tilv. vor
2007060020
Bréfalykill:
440

Dags.
29. júlí 2008

Efni: Svæði fyrir Fisfélag Reykjavíkur á Hólmsheiði

Í bréfi Skipulagsstofnunar dags. 4. júlí 2008 er óskað umsagnar Flugmálastjórnar Íslands (FMS) um

1. Hvort flugvöllur (lendingarstaður) sem fyrirhugaður er á athafnasvæði Fisfélags Reykjavíkur teljist skráningarskyldur; og
2. Hvort og þá hvers konar skilyrði þyrfti hugsanlega / æskilegt væri að setja í loftrými vegna fyrirhugaðrar starfsemi.

Svör FMS við framangreindu eru eftirfarandi:

1. Í 2. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 segir að "Loftfar samkvæmt lögum þessum telst sérhvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar." og í 1. gr. rg. um fis nr. 780/2006 eru fis skilgreind sem loftför og þau eru skráningarskyld skv. 2. gr. sömu reglugerðar. Í 5. gr. reglugerðar um flugvelli nr. 464/2007 segir að flugvellar starfræktir í þágu almenningsflugs skulu hafa starfsleyfi. Almenningsflug er skilgreint þannig að það nær yfir allt flug annað en ríkisflug en undir ríkisflug fellur herflug og tolla- og löggæsluflug.

Með vísan til þess er að framan greinir er það álit FMS að fyrirhugaður landingarstaður Fisfélags Reykjavíkur á Hólmsheiði sé skráningarskyldur í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 464/2007 um flugvelli þar sem hann mun þjóna loftförum í almenningsflugi. Samkvæmt flugvallarreglugerðinni er flugvellir flokkaðir í þrjá mismunandi flokka eftir eðli / starfsemi sem þar fer fram eða í flugvöll í flokki I sem jafnframt eru geta verið millilandaflugvellar, flugvellir í flokki II þar sem gerðar eru kröfur til m.a. handbóka og gæðakerfis og flugvelli sem flokkast sem skráður landingarstaður sem geta í eðli sínu verið mjög einfaldir en þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði (sjá meðfylgjandi) og vera skráðir hjá FMS. Flugvöllur Fisfélags Reykjavíkur á Hólmsheiði myndi flokkast undir skráðan landingarstað skv. framangreindu.

2. Í lögum nr. 100/2006 um Flugmálastjórn segir í 5. mgr. 4. gr. :

"4. gr.

Verkefni Flugmálastjórnar eru að fara með stjórnsýslu á sviði loftferða, hafa eftirlit með loftferðastarfsemi og stuðla að öryggi í flugi.

Flugmálastjórn skal m.a.:

5. mgr.

Kveða á um skipulag loftrýmis og flugleiðsögu, eða gera tillögu um slíkt til samgönguráðherra. "

Vegna nálægðar fyrirhugaðs athafnasvæðis Fisfélags Reykjavíkur á Hólmsheiði við Reykjavíkurflugvöll er líklegt að flugvöllur (lendingarstaður) þar hafi áhrif á flugumferð í loftrými / flugferlum innan flugstjórnarsviðs Reykjavíkurflugvallar (RK CTR). Í umsögn til Reykjavíkurborgar dags. 26. mars 2008 benti FMS á að starfsemi Fisfélags Reykjavíkur gæti takmarkast verulega vegna nálægðar við loftrými í nágrenninu. Erindi Skipulagsstofnunar um hvers konar takmarkanir gæti verið um að ræða hefur verið vísað til Flugupplýsinga- og hönnunardeild Flugstoða ohf. og óskað eftir að hún kanni hvaða áhrif fyrirhuguð starfsemi Fisfélags Reykjavíkur á Hólmsheiði muni hafa á loftrými og flugferla á og við umrætt athafnasvæði. FMS óskaði jafnframt því eftir að gerðar verði tillögur um hvaða takmarkanir / skilyrði Flugstoðir telja nauðsynlegt að setja vegna starfseminnar ef einhverjar, til að tryggja öryggi flugs á svæðinu. Könnun á áhrifum á áhrifum og útreikningar á notkun loftrýmis, aðflugsleiða o.s.frv. eru tímafrekar og liggja ekki fyrir að svo stöddu en verða sendar Skipulagsstofnun þegar þær liggja fyrir.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaða ef einhverjar spurningar vakna eða óskað er eftir nánari skýringum.

Virðingafyllt

Agústa R. Jónsdóttir,

deildarstjóri Flugverndar- og flugvalladeild

IV. HLUTI
KRÖFUR TIL SKRÁÐRA LENDINGARSTAÐA.

35. gr.

Flugvallargögn.

Forsenda skráningar flugvallar í flokki Skráður landingarstaður er að flugvöllur uppfylli þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt I., IV. og VII. hluta reglugerðar þessarar auk þeirra ákvæða í VI. hluta sem sérstaklega er vísað til í þessum hluta.

Rekstraraðili landingarstaðar er ábyrgur fyrir öflun flugvallargagna og skal hann senda Flugmálastjórn gögnin dagsett og undirrituð. Upplýsingar um hvernig flugvallargagna var aflað skulu liggja fyrir. Öflun flugvallargagnanna ætti að vera á höndum viðurkenndra aðila. Sé blindflug að landingarstaðnum skal öflun flugvallargagna vera á höndum viðurkenndra aðila. Sjái viðurkenndur aðili um öflun flugvallargagnanna skulu þau dagsett og undirrituð af sama aðila. Rekstraraðilinn skal leggja fram eftirfarandi gögn um skráðan landingarstað, sbr. 5. gr. I. hluta reglugerðar þessarar og utan um upplýsingarnar skal haldið, t.d. með handbók um landingarstaðinn:

1. Landhæð og staðsetning viðmiðunarpunkts landingarstaðar og landhæð þröskulda.
2. Lengd, breidd og rétt stefna flugbrauta.
3. Tegund yfirborðs flugbrauta, ef yfirborð er með bundnu slitlagi þá skal gefa upp PCN gildi.
4. Upplýsingar um mannvirki og búnað við landingarstaðinn, þ.m.t. flugskýli og fjarskiptatæki, aðgang að síma og söfnunarstaður fyrir flugáætlanir og hleðsluskrár.
5. Upplýsingar um akbrautir, loftfarastæði og/eða flughlöð ásamt lýsingu á þeim.
6. Upplýsingar um útreiknaða hindranafleti og lýsing á öryggissvæðum.
7. Loftmynd af svæðinu sem nær yfir 2500 m radíus umhverfis landingarstaðinn.